



FUNDARGERÐ 488. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 7. nóvember 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Jón Viggó Gunnarsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Heimilisfang SORPU bs.

Stjórn ákveður eftirfarandi:

„Heimilisfang SORPU bs. er Köllunarklettsvegur 1, 104 Reykjavík.“

2. Níu mánaða uppgjör SORPU bs.

Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri gera grein fyrir níu mánaða uppgjöri SORPU.

3. Ársfundur SSH og byggðarsamlaga

Framkvæmdastjóri gerir grein ársfundi SSH og byggðarsamlaga, og aðkomu SORPU að fundinum þann 10. nóvember næstkomandi.

4. Dómur Landsréttar vegna áfrýjunar SORPU bs. í máli ÍAV og SORPU bs.

Ólafur Eiríksson lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:44.

Ólafur leggur fram minnisblað og gerir grein fyrir niðurstöðu Landsréttar í máli ÍAV og SORPU bs.

Ólafur vísar af fundi klukkan 09:02

5. Málefni endurvinnslustöðva

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, tekur sæti á fundinum klukkan 09:04. Guðmundur gerir grein fyrir málefnum endurvinnslustöðva SORPU bs.



Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:32.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 5. desember klukkan 08:00.